

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2022

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (hluthafafundir o.fl.). (Mál nr. 227.)


Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um málið. Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga. Breytingin er snýr að lögum um hlutafélög felur í sér að félögum með hluti til viðskipta á skipulegum markaði er heimilað að ákveða í samþykktum sínum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn.

Umræddri breytingu er ætlað að koma til móts við félög sem halda fundi sína rafrænt (eingöngu eða að hluta til), og eru að reyna að koma upplýsingum á framfæri við hluthafa nægilega tímanlega fyrir fundinn. Greinargerðin fjallar um að þetta eigi sér í lagi við í tilfellum félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði og þegar um er að ræða hluthafa sem búsettir eru erlendis og taka þátt á fundinum í gegnum rafræna miðla.

Viðskiptaráð telur breytinguna af hinu góða og að eðlilegt sé að afmarka einhvern tíma til undirbúnings til að gera félögum kleift að koma upplýsingum á framfæri og undirbúa rafræna fundi. Þó telur ráðið ekki rétt að takmarka þessa breytingu við skráð félög. Rafrænir hluthafafundir eru haldnir ýmist í skráðum félögum og óskráðum, en heimild til rafrænna funda byggir á 80. gr. a. í lögum um hlutafélög, og er ekki takmörkuð við skráð félög. Þörfin fyrir þessu úrræði er því til staðar óháð því hvort félagið er skráð á markað eða ekki.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst



Agla Eir Vilhjálmsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands